
F U N D A R G E R Ð

Fundur: 99. fundur Starfshóps um rekstrartruflanir.
Fundartími: Miðvikudagur 30. nóvember 2011, kl. 13:00-14:45
Fundarstaður: Landsnet, Gylfaflöt 9
Fundarefni: 1) Staða skráningar.
2) Stuðlar ársins 2010 og skýrsla um stuðla.
3) Áætlun ársins 2012.
4) Skráningarkerfi.
5) Önnur mál.

Á fundinn mættu:

START: Ragnar Stefánsson
Rúnar Svavar Svavarsson
Ragnar Emilsson
Erla Björk Þorgeirsdóttir
Kjartan Rolf Árnason
Gunnar Haukur Gunnarsson
EFLA: Ingvar Baldursson
Landsnet: Páll Magnússon
Fjarverandi: Egill Sigmundsson (tilkynnti forföll)
Sigfús Guðlaugsson

Erla Björk Þorgeirsdóttir hefur tekið við starfi Ívars Þorsteinssonar hjá Orkustofnun á sviði raforkueftirlits. Erla var boðin velkomin til starfa.

- 1) Skráning truflana er í góðu horfi hjá öllum veitunum og er í hefðbundnum farvegi. Landsvirkjun skráir skýrslur jafnóðum. Hjá öðrum veitum safnast upp hluti af skýrslum og skráning lýkur einum eða tveimur mánuðum síðar. Norðurorka skráir upplýsingar á skráningareyðurblað sem síðan er skráð í START kerfið í lok árs. Orkubú Vestfjarða er búið að taka upp nýtt truflanaskráningaforrit frá DMM Lausnum. OV er hætt að skrá skýrslur í START skráningarkerfið.
- 2) IB fór yfir skýrslu „Stuðla um afhendingu raforku. Árin 2001-2010“. KRÁ spurði hvort stuðlar hafa breyst frá þeim sem voru sendir inn til Orkustofnunar fyrir á árinu. KRÁ benti á að í töflu 5 væru ekki réttar upplýsingar vegna RARIK á árinu 2008. Nýtt í skýrslunni er kafli 4, þar sem stuðlar eru sýndir fyrir truflanir lengri en þrjár mínútur og styttri en þrjár mínútur. IB mun senda skýrsluna á fundarmenn sem koma

með athugasemdir í kjölfarið. Umræða var um að hvort hægt sé að hafa þess skýrslu tilbúna fyrr á árinu.

- 3) IB fór yfir áætlun um starfið á árinu 2012 og rauntölur um vinnu ársins 2011 sem eru undir áætlun ársins. Engar athugasemdir komu við áætlunina. IB mun senda hana á fundarmenn sem koma með athugasemdir í kjölfarið. RE spyr um fjölda heimsóknna á heimasíðu START hópsins. RSS bendir á að æskilegt væri að fá þessar upplýsingar fyrr, eða í byrjun október, þegar verið er að vinna að fjárhagsáætlun næsta árs.
- 4) Ný útgáfa START forrits kom á árinu, þar sem uppfæra þurfti þróunarhugbúnað kerfisins. Landsvirkjun hefur tekið nýju útgáfuna í notkun og hefur hún gengið vel. Á næsta ári verður henni komið í notkun hjá Orkuveitu Reykjavíkur og HS Veitum. Vinna vegna vefútgáfu kerfisins hefur verið lítil á árinu og mun ráðast af áhuga veitnanna. Norðurorka notar vefútgáfu í sinni skráningu. OR hefur sett upp vefútgáfu hjá sér, samhliða hefðbundinni útgáfu. Umræða var um hvernig hægt væri að sækja upplýsingar í START grunninn á „einfaldan“ hátt. Í áætlun næsta árs er gert ráð fyrir að greina þörf fyrirtækjanna og koma með tillögu að lausn.
- 5) a) RE kynnti nýtt DDM truflunarskráningarkerfi frá DMM Lausnum. Kerfið er komið í notkun og eru skráningarmenn ánægðir með kerfið. RSS spurði hvort kerfið færi eftir reglum START kerfisins við skráningu truflana. RE kvað svo vera vera. IB spurði hvernig gögnum væri komið yfir í START grunninn. RE mun senda gögn frá nýja kerfinu til skoðunar. IB nefndi að skráning þurfi að uppfylla kröfur START hópsins. KRÁ nefndi að RARIK noti lausn frá DMM Lausnum, en gætu ekki tekið þessa útgáfu í notkun, þar sem hún getur ekki sótt upplýsingar um skerðingar frá öðrum upplýsingarkerfum fyrirtækisins, það er Netbas og fjargæslukerfinu. RE yfirlit fundinn til að ná flugi.

b) IB spurðist hvort veiturnar nýttu sér möguleika START kerfisins þ.e. að tengja viðbótar upplýsingar, s.s. myndir eða önnur gögn, við truflanaskráninguna. Raunin er að þetta er almennt ekki gert, en gæti verið kostur þegar skoða ætti eldri skýrslur.

Fleira ekki gert. Næsti fundur er 100 fundur hópsins og er fyrirhugaður 26. apríl 2012.

Ingvar Baldursson

Dreift var fyrir fundinn:

Dreift var á fundinum:

Sýnt var en ekki dreift:

- Skýrsla „Stuðlar um afhendingu raforku. Árin 2001-2010.“
- Vinna fyrir starfshóp um rekstrartruflanir 2012. Verkefnishandbók. Drög 1
- Töflur um vinnu fyrir START hópinn á árinu 2011.

Verkefni:

Umsjón	Verkefni
IB	Fara yfir ábendingar vegna skýrslu um stuðla. Senda skýrslu á hópinn.
IB	Endurskoða orðalag í handbók vegna skipulagt / fyrirvaralítið viðhald.